

Hvað er Smittestopp?

Smittestopp er app frá Lýðheilsustofnun Noregs (Folkehelseinstituttet -FHI). Það er þáttur í því verkefni að koma í veg fyrir að kórónaveiran dreifi sér um samfélagið. Hver og einn ákveður hvort hann eða hún notar appið.

Ef þú ferð í kórónapróf sem sýnir að þú ert með veiruna er hægt að tilkynna það öðrum í appinu. Þau fá þá að vita að þau gætu hafa orðið fyrir smiti og ráð eru veitt um hvað þarf að gera. Þannig getur appið komið í veg fyrir að enn fleiri veikist. Appið gefur ekki upplýsingar um að einmitt þú hafir orðið fyrir smiti.

Hvernig er Smittestopp-appið sótt í símann?

- Sæktu appið í App Store eða Google Play.
- Þú ferð svo eftir leiðbeiningunum sem appið gefur á skjánum.
- Ef þú skilur ekki tungumálið skaltu biðja einhvern um að aðstoða þig.

Hvernig virkar Smittestopp-appið?

Ef þú ert nálægt einhverjum sem einnig er með appið í sínum síma senda símarnir hvor öðrum merki.

Ef annar notandi fer í kórónapróf og greinist með veiruna þá man appið að þinn sími hefur verið nálægt síma þess smitaða. Þá færðu skilaboð í appinu um það sem þú þarft að gera. Þú getur líka valið að senda öðrum skilaboð ef þú greinist með smit.

Ef þú færð skilaboð frá appinu færðu bara upplýsingar um að þú hafir verið nálægt einhverjum með smit, ekki hver er smitaður eða hvar. Hvorki yfirvöld né einstaklingar fá að vita um hvaða einstaklinga er að ræða eða hvar þeir hafa verið.

Persónuvernd

- Þú þarft að vera 16 ára eða eldri til að mega nota Smittestopp.
- Upplýsingum um þig verður jafnóðum eytt eftir 14 daga án þess að þú þurfir að gera neitt.
- Þú getur eytt upplýsingum um þig í appinu hvenær sem þér hentar.
- Þú getur eytt appinu hvenær sem þér hentar.

Taktu þátt í því að koma eðlilegu lífi á að nýju